

HAUKUR INGVARSSON

Heimurinn er heimili

Leigjendur, leigusalar og heimsmynd kalda stríðsins
í sögum eftir Kristínu Eiríksdóttur, Guðberg Bergsson
og Svövu Jakobsdóttur

„Hún var vöruð við þegar hún flytur til Sovétríkjanna að þegar hún kæmi til baka þá myndi hún ekki fá vinnu af því að hún var menntuð í Sovétríkjunum og bara út af kalda stríðinu,“ sagði Kristín Eiríksdóttir um móður sína Ingibjörgu Haraldsdóttur ljóðskáld og þýðanda í útvarpsþáttum Gunnars Þorra Péturssonar *Rús* sem voru frumfluttir í Ríkisútvarpinu, Rás 1, snemma árs 2023 þegar ár var liðið frá innrás Rússa í Úkraínu.¹ Ingibjörg menntaði sig í kvikmyndaleiksjórn í Sovétríkjunum en fluttist svo til Kúbu þar sem hún varð hugfangin af leikhúsi. Hún hafnaði atvinnutilboðum erlendis að námi loknu, snéri heim þrítug að aldri og þá rättust hrakspárnar um að búseta og nám í kommúnistaríkjum myndi skerða atvinnutækifæri hennar á Íslandi. Í viðtalinu bætti Kristín við: „Ef hún hefði verið úr efri stétt hefði þetta kannski verið látið slæða,“ en þar sem móðir hennar var einstæð og af verkafólki komin þá hafði hún ekki það menningarauðmagn sem þurfti til þess að geta tjáð skoðanir sínar án þess að það hefði áhrif á lífsafkomu hennar. Þegar ég hlustaði á viðtalið við Kristínu fékk ég sterka löngun til að lesa að nýju smásögu eftir hana sem birtist í *Tímariti Máls og menningar* árið 2013 og nefnist „Hundrað og fimmtíu fermetrar á hundrað þúsund kall“.² Þetta er samtímasaga sem gerist skömmu eftir hrun og fjallar um

¹ Gunnar Þorri Pétursson, „Grettistak Ingibjargar Haraldsdóttur“, *Rús – þættir um þjóð og menningu á krossgötum* 3. þáttur, samsetning Guðni Tómasson, Ríkisútvarpið, Rás 1, 11. mars 2023.

² Kristín Eiríksdóttir, „Hundrað og fimmtíu fermetrar á hundrað þúsund kall“, *Tímarit Máls og menningar* 74: 4/2013, bls. 66–73. Framvegis verður vísað til sögunnar í meginmáli með skammstöfuninni *Hffh* á undan blaðsíðutali innan sviga.



Ritid

1. töl. 25. árg. 2025 (89-108)
Ritrynd grein

© 2025 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og
höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.25.1.7
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

raunir ungs fólks á leigumarkaði. Kalda stríðið gegnir mikilvægu hlutverki og ryðst ekki aðeins inn fyrir veggi heimilisins hjá aðalpersónunum heldur alla leið inn í vitundarlíf þeirra.

Margar af fyrstu smásögum Kristínar birtust í tímaritum áður en þeim var safnað saman í *Doris deyr* árið 2010. Þau verk sem hún hefur síðan birt í tímaritum hafa mörg hver líka fengið framhaldslíf í öðrum verkum, eins og er raunin með smásöguna „Elín, ýmislegt“ sem varð að kafla í skáldsögu með sama nafni og hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2017.³ „Hundrað og fimmtíu fermetrar á hundrað þúsund kall“ hefur hins vegar aðeins birst í þetta eina skipti en er bæði merkilegt og margslungið bókmenntaverk. Eitt af því sem gerir þessa smásögu að spennandi rannsóknarefni er að hana er hægt að lesa í samhengi við tvö af lykilverkum íslensks módernisma í skáldsagnagerð, *Tómas Jónsson. Metsölubók* (1966) eftir Guðberg Bergsson og *Leigjandann* (1969) eftir Svövu Jakobsdóttur en þær fjalla báðar um samband leigusala og leigjenda. Þessar skáldsögur hafa gjarna verið túlkaðar sem táknsögur um sambúd Íslendinga og Bandaríkjamanna hér á landi á tímum kalda stríðsins þó að sú túlkun sé ekki óumdeild.

Á undanförunum áratugum hefur svart-hvít sýn á kalda stríðið, þar sem það er fyrst og fremst skoðað út frá hagsmunum og valdabaráttu Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, verið á undanhaldi. Andrew Hammond segir í inngangi að ritgerðasafninu *The Palgrave Handbook of Cold War Literature* að merkasta áróðursbragð kalda stríðsins kunni að vera fólgið í hugtakinu sjálfu sem gefi til kynna að stríðið hafi verið háð án ofbeldis en sú hafi aldeilis ekki verið raunin, til dæmis í Kóreu, Víetnam, Kongó, Nígaragúa og Afganistan. Hugtakið dragi dul á það ofbeldi sem beitt var í nafni vestræns frelsis og lýðræðis í þeim þversagnakennda tilgangi að tryggja frið og það sama eigi við um það ofbeldi sem þegnar handan járntrjaldsins voru beittir af stjórnvöldum.⁴ Flest ríki þurftu samt að taka mið af stefnu stórveldanna tveggja í innan- og utanríkismálum, kalda stríðið skerpti víða pólitískar andstæður og kynti undir deilum sem áttu sér djúpar sögulegar og samfélagslegar rætur. Kalda stríðið var vissulega hnattrént á stórum skala en

³ Sjá Kristín Eiríksdóttir, „Elín, ýmislegt“, *Tímarit Máls og menningar* 77: 4/2016, bls. 80–88 og eftir sama höfund *Elín, ýmislegt*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2017. Einnig mætti nefna smásöguna „Mold“ sem Kristín skrifaði fyrir alþjóðlega smásagnaverkefnið Yfir mærin eða Transgression árið 2014. Sagan var um tíma aðgengileg á netinu bæði á íslensku og í þýðingum á önnur mál en hefur ekki birst annars staðar í heild þó að kafla úr henni sé að finna í skáldsögunni *Töl*. Einnig tel ég að færa megí rök fyrir því að viss textatengsl séu á milli „Moldar“ og leikritsins *Hystory*. Sjá Kristín Eiríksdóttir, *Töl*, Reykjavík: JPV, 2022 og Kristín Eiríksdóttir, *Hystory*, Reykjavík: Borgarleikhúsið, 2015.

⁴ Andrew Hammond, „Introduction“, *The Palgrave Handbook of Cold War Literature*, ritstjóri Andrew Hammond, Cham: Springer International Publishing, 2020, bls. 1–2.

snerti um leið líf flestra íbúa jarðarinnar beint eða óbeint; það skaut fólki skelk í bringu, stuðlaði að fátækt eða ríkidæmi og sundraði fjölskyldum út af hugmyndafræðilegum ágreiningi. Því er áhugavert að hugsa til þess að kalda stríðið er iðulega notað sem myndhverfing fyrir átök á milli fólks í nánum samböndum en að sama skapi hafa heimilið eða innileg persónuleg rými verið notuð sem myndhverfing til að endurspegla hnattræn átök.

Í smásögu Kristínar og skáldsögum Guðbergs og Svövu birtist heimilið sem táknmynd fyrir heiminn. Heimili og heimur eru dregin af sama orðstofni og því er erfitt að halda því fram að þau séu ósættalegar andstæður en samt sem áður er togstreita milli þessara fyrirbæra. Heimilið er athvarf einstaklinga og fjölskyldna, einkarými þar sem við lokum að okkur og teljum okkur örugg. Heimurinn er aftur á móti heimili mannkynsins alls þó að honum sé skipt upp í lönd og álfur þar sem búa þjóðir innan náttúrulegra og manngerðra landamæra. Í sögum höfundanna þriggja flækjast hugmyndirnar um heimilið með tilkomu leigjenda og leigusala. Sá sem gerir leiguíbúð að heimili sínu nýtur ekki eignaréttar og býr þar af leiðandi við ákveðið öryggisleysi. Að sama skapi getur leigusali orðið fjárhagslega háður leigjanda sínum og þá kvikna um leið eftirfarandi spurningar: Hvað hefur leigusalinn selt? Og hvað hefur leigjandinn keypt? Hér á eftir verður rýnt í sambönd leigjenda og leigusala en sjónum er einnig beint að því hvernig hóbýli, vistarverur og innanstokksmunir eru notuð með táknrænum hætti til að endurspegla þá heimsmynd sem brugðið er upp í sögunum þremur. Öll vekja þau spurningar um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi, þessa unga lýðveldis sem fékk hlutfallslega mest fé „af öllum þeim Evrópuþjóðum sem þáðu efnahagsaðstoð Bandaríkjasjórnar á árunum 1948–1953“ og gerði varnarsamning árið 1951 sem tryggði „Bandaríkjaher hernaðarréttindi til langs tíma á Íslandi“.⁵ Ekki er farið djúpt í viðtökusögu né greiningu skáldsagnanna en þess í stað verða ummæli sem Guðbergur og Svava létu falla um táknmál sagna sinna notuð til þess að ljúka upp texta Kristínar sem er í aðalhlutverki þó hinum sögunum sé líka gefið nokkurt rými.

Upphaf/endir?

Aðalpersónur „Hundrað og fimmtíu fermetrar á hundrað þúsund kall“ eru kærustuparið Dáni og Æsa. Í upphafi sögunnar hafa þau misst þrjátíu fermetra leiguíbúð í Norðurmýri en býðst að leigja efri hæð í tvíbýlishúsi í Vogahverfi á

⁵ Valur Ingimundarson, *Í eldlínu kalda stríðsins. Samskipti Íslands og Bandaríkjanna 1945–1960*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1996, bls. 141 og 211.

kjörum sem hljóma nánast of góð til að vera sönn eða eins og Dáni kemst að orði: „Hundrað og fimmtíu fermetrar á hundrað þúsund kall er samt fáránlega vel sloppið“ (*Hffh* 70). Æsa er hins vegar ekki eins upprifin enda vill hún helst búa í miðbænum auk þess sem nýju leiguíbúðinni fylgir búslóð fyrrum eigenda sem má helst ekki hrófla við. Hann hafði búið þarna „í þrjátíu ár og síðan horfið sporlaust einn daginn“ (*Hffh* 68). Rök Æsu gegn því að ganga að skilmálum leigusálans tengjast nærveru þessa fjarverandi manns; henni finnst „að þetta verð[i] eins og að búa með“ honum (*Hffh* 70).

Eitt af því sem Æsa og Dáni komast að um þennan fyrrum íbúa, sem var víst „dálítið *sérstakur*“, er að hann var mjög upptekinn af kalda stríðinu. Vinnustofa hans er full af bókum um efnið en einnig getur leigusaliinn þess að maðurinn hafi mikið verið með hugann við kjarnorkuvopn: „Hann minntist á atómsprengjur í hvert skipti sem við hittumst“ (*Hffh* 70). Þegar liður á söguna er sem íbúinn fyrrverandi taki yfir líf Dána sem sökkvir sér ofan í bókasafnið og fer meira að segja að klæðast fötum af manninum. Í síðasta samtali sínu við Æsu undir lok sögunnar lætur Dáni í ljós þá skoðun að kalda stríðinu sé kannski ekki lokið og spyr: „... hvenær er stríðið lokið? Þegar sá síðasti sem ber ör af völdum þess deyr? Hvað með ósýnilegu örin ...“ (*Hffh* 73). Í kjölfarið tilkynnir Æsa honum að sambandið sé búið og hún sé farin. Dáni á samt lokaorðin þar sem hann muldrar í barm sér: „Þú mátt búast við regni eyðileggingar af himnum, eins og aldrei hefur sést áður á þessari jörðu“ (73).

Orð Dána eru nokkurn veginn bein þýðing á orðum úr ávarpi sem Harry S. Truman, forseti Bandaríkjanna, flutti eftir að Bandaríkjamenn vörpuðu kjarnorkusprengju á Hiroshima 6. ágúst 1945. Í ávarpinu staðfesti Truman tilvist kjarnorkuvopna og að Bandaríkjamenn hefðu beitt þeim vegna þess að Japanir hefðu ekki gengið að kröfum þeirra um tafarlausa uppgjöf. Truman hótaði því líka að Bandaríkjamenn myndu halda áfram að varpa kjarnaorkusprengjum þangað til Japanir gæfust upp:

Ef þeir ganga ekki að skilyrðum okkar mega þeir búa sig undir regn tortímingar af himnum, sem enginn hefur séð nokkuð í líkingu við á þessari jörð. Á eftir þessari árás úr lofti munu fylgja herir á landi og á hafi af stærðargráðu og afli sem þeir hafa ekki séð fram til þessa en hernaðarmættinum gera þeir sér nú þegar fulla grein fyrir.⁶

⁶ Harry S. Truman, „The Atomic Bombing of Hiroshima, August 1945. Statement by President Truman, 6. August 1945“, *The Cold War through Documents. A Global History*, ritstjórar Edward H. Judge og John W. Langdon, Lanham/Boulder/New York/London: Rowman & Littlefield, 2018, bls. 10. Á ensku hljóðar tilvitnunin á þessa leið: „If they do

Þremur dögum eftir árásina á Hiroshima vörpuðu Bandaríkjamenn kjarnorkusprengju á borgina Nagasaki og í kjölfarið gáfust Japanir upp. Þar með lauk seinni heimsstyrjöldinni en sumir telja að kalda stríðið hefjist strax í kjölfarið vegna þess að vitundin um tilvist kjarnorkuvopna og eyðileggingarmátt þeirra fyllti fólk um víða veröld ótta við það sem framtíðin bæri í skauti sér. Saga kalda stríðsins og kjarnorkuvopna er svo samofin að það er nánast óhugsandi að rekja þræði þeirra í sundur. Sagnfræðingar hafa haldið því fram að Japanir hafi verið sigraðir þegar sprengjunum var varpað og tilgangurinn með þeim hafi verið sá að sýna Jósef Stalín og Sovétmönnum fram á að kjarnorkuvopn væru nú orðinn hluti af stríðsrekstri Bandaríkjamanna og þeir væru reiðubúnir að beita þeim. Með því að opinbera heimsbyggðinni mátt þessa nýja gjöreyðingarvopns vildu Bandaríkjamenn jafnframt styrkja stöðu sína í samningaviðræðum sem stóðu fyrir dyrum um skiptingu heimsbyggðarinnar í áhrifasvæði stórveldanna tveggja.⁷

Aðrir fræðimenn vilja miða upphaf kalda stríðsins við ávarp sem Truman flutti í bandaríska þinginu 12. mars 1947. Þar boðaði hann breytta utanríkisstefnu sem gengur undir nafninu Truman-kenningin (e. *Truman-Doctrine*).⁸ Forsetinn dró upp svart-hvíta mynd af heimsbyggðinni sem hann skipti í tvö lið. Annars vegar voru þeir sem stóðu fyrir lýðræði, frelsi stofnana og einstaklinga, trú- og málfrelsi og frelsi undan kúgunaroki stjórnmálakennings. Hins vegar var um að ræða ógnarstjórn fámenns hóps yfir þorra almennings, miðstýringu fjölmiðla, fyrirframgefin kosningaúrslit og kúgun á flestum sviðum tilverunnar. Truman nefndi Sovétríkin aldrei berum orðum en engum duldist að hann átti annars vegar við hin *frjálstu* Bandaríki og hins vegar *alræði* Sovétríkjanna.⁹

Fljótlega eftir að Dáni og Æsa flytja í íbúðina í Vogahverfinu verður hann heltekinn að því að útfæra kalda stríðið „í höfði horfna mannsins“ (*Hffh* 71). Hann byggir verkefnið á menntun sinni sem myndlistamaður; notar dagbækur mannsins sem grunn fyrir „klippiverk“ og velur bækur úr safni hans sem hann sker út úr „setningar sem hann lím[ir] á pappír“ (*Hffh* 71). Bókmennta- og

not now accept our terms they may expect a rain of ruin from the air, the like of which has never been seen on this earth. Behind this air attack will follow sea and land forces in such numbers and power as they have not yet seen and with the fighting skill of which they are already well aware ...“

⁷ David Holloway, „Nuclear weapons and the escalation of the Cold War, 1945–1962“, *The Cambridge History of the Cold War*, ritstjóri Melvyn P. Leffler og Odd Arne Westad, Cambridge: Cambridge University Press, 2010, bls. 376–377.

⁸ Odd Arne Westad, *The Cold War. A World History*, Útgáfustaðar ekki getið: Penguin Books, 2018, bls. 92–93.

⁹ Louis Menand, *The Free World. Art and Thought in the Cold War*, London: 4th Estate, 2021, bls. 4–6.

menningarfræðingurinn B. Venkat Mani hefur fjallað um bókasöfn í rannsóknnum sínum. Hann heldur því fram að þau séu pólitísk fyrirbæri og að samsetning þeirra sé bæði háð sögulegum og menningarlegum aðstæðum.¹⁰ Sá sem setur saman bókasafn bregður upp mynd af heiminum sem ræðst af gildismati viðkomandi og því kerfi sem liggur flokkun hans til grundvallar. Máli sínu til stuðnings nýtir Mani skrif menningarfræðingsins Walters Benjamins um bækur og bókasöfn en hann var ástríðufullur bókasafnari. Mani rifjar upp frásögn Benjamins af því þegar hann tekur bókasafn sitt upp úr kössum eftir flutninga í kjölfar hjónaskilnaðar. Með þessari athöfn breytir Benjamin óreiðu í skipulag en um leið er hann að ná táknrænum tókum á lífi sínu því bækurnar eru nátengdar minningum hans og sjálfsmynd. Tilfærsla bókasafnsins, endurröðun og aðlögun að nýjum persónulegum högum og aðstæðum er liður í umbreytingu hans úr giftum manni í einhleypan.¹¹ Greining Manis varpar ljósi á gagnkvæm tengsl safns og safnara þegar sjálfsmynd er annars vegar því safn er í vissum skilingi „bæði sköpunarverk eiganda síns og skapari hans“.¹²

Bókasafnið í smásögu Kristínar gegnir mikilvægu hlutverki í umbreytingu Dána. Bækurnar eru gamlar, „nánast allar frá því fyrir fall Berlínarmúrsins“ (*Hfffh* 69) og tilheyra þannig veröld sem var. Endurvinnsla hans á bókasafninu, sem líta má á sem endurskipulagningu eða enduruppröðun, breyta heimsmynd hans og viðhorfum sem fara „að hljóma eins og eitthvað upp úr bók“. Raunar minna þau á Truman-kenninguna að því leyti að þau einkennast af „svarthvítri hugsun sem skipa[r] fólki í tvo flokka: illmennni og góðmennni“ (*Hfffh* 71). Skilin milli skapara og sköpunarverks eru á reiki en það virðist mega slá því föstu að um gagnkvæm áhrif sé að ræða. Dáni er ekki eiginlegur eigandi bókasafnsins heldur horfni maðurinn en ýmislegt bendir til þess að athafnir þess fyrrnefnda verði til þess að sá síðarnefndi gangi aftur – í eiginlegum eða óeiginlegum skilningi. Andi hans loðir við íbúðina og innanstokksmuni hennar og virðist smám saman taka sér bólfestu í Dána. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum í sögunni um það að dauðir hlutir ná valdi á fólki og virðist það nátengt eignarhaldi en ekki er ljóst hvort það séu hluturinn sem nær haldi á eiganda sínum eða öfugt.

¹⁰ B. Venkat Mani, „Libraries“, *A New Vocabulary for Global Modernism*, ritstjórar Eric Hayot og Rebecca L. Walkowitz, New York: Columbia University Press, 2016, bls. 130–145, hér bls. 131.

¹¹ Sama heimild, bls. 134.

¹² Valdimar Tr. Hafstein, „Þekking, virðing, vald. Virtúósinn Ole Worm og Museum Wormianum í Kaupmannahöfn“, *Ritið* 10: 1/2010, bls. 25–57, hér bls. 36.

Frelsi/innilokun

Gerður Kristný tók viðtal við Svövu Jakobsdóttur þar sem hún var spurð út í þá túlkun að *Leigjandinn* fjallaði um sambúð Íslendinga og Bandaríkjanna hér á landi. Svava vildi horfa á skáldsöguna í víðara hnattrænu tilliti og lagði eftirfarandi til málanna:

Ég býst við að heimilið í *Leigjandanum* geti samsvarað hinum vestræna stórheimi. Á þeim tíma sem Vesturlöndin söfnuðu auði og byggðu sér rammgeran varnarmúr voru fátækar smáþjóðir víðs vegar um hnöttinn að heyja varnarbaráttu gegn nýlenduvaldi, fátækt og kúgun. Ætli það hafi ekki líka leitað á hugann?¹³

Saga Svövu hefst á orðunum „Maður er svo öryggislaus þegar maður leigir“.¹⁴ Þau eru lögð í munn húsmóður sem býr ásamt Péttri eiginmanni sínum í leiguíbúð meðan þau standa í húsbyggingu. Skömmu síðar taka þau á móti ókunnugum manni sem flytur inn á þau. *Leigjandinn* sem titill sögunnar vísar til gæti því bæði átt við þau hjónin og aðkomumanninn en eins og konan bendir á eru leigjendur alltaf á valdi húseigandans sem á „aukalykil“ og getur komið í hverri andrá (L 8). Þessi yfir-eigandi birtist aðeins sem ósýnilegt vald og þegar skáldsaga Svövu er lesin í samhengi við smásögu Kristínar verður manni ósjálfrátt hugsað til horfna mannsins og þeirra djúpstæðu áhrifa sem hann hefur á Æsu og Dána.

Leigjandinn í sögu Svövu verður ómissandi fyrir hjónin því þau reiða sig á leigutekjurnar til að geta fjármagnað byggingu nýja hússins, fjárhagsleg afkoma þeirra er undir honum komin. Þegar nýja húsið er loks tilbúið flytur leigjandinn með hjónunum og þá tekur stuðningurinn á sig aðra mynd. Pétur og leigjandinn geta ekki staðið undir sjálfum sér því annar fótur beggja styttest: „Hvorugur þeirra var einfær“ (L 126). Þeir grípa til þess ráðs að standa saman en þá verða þeir að „einum samvöxnum manni“ með „tvö höfuð og fjóra handleggi, á tveim fótum“ (L 126). Konan hefur sjálf öðlast lykлавöld undir lok sögunnar en hún er jafn öryggislaus og ráðvillt og hún var í upphafi. Dagný Kristjánsdóttir heldur því fram að innilokun og frelsi séu það sama í augum konunnar: „lífstakmark hennar felur þannig í sér ósættanlegar andstæður“.¹⁵ Dagný telur þetta vera

¹³ Gerður Kristný, „Grasaferð að læknisráði. Viðtal við Svövu Jakobsdóttur“, *Tímarit Máls og menningar* 59: 3/1998, bls. 4–14, hér bls. 10.

¹⁴ Svava Jakobsdóttir, *Leigjandinn*, Reykjavík: Helgafell, 1969, bls. 7. Framvegis verður vísað til bókarinnar með bókstafnum L í meginmáli á undan blaðsíðutali innan sviga.

¹⁵ Dagný Kristjánsdóttir, „Saga systur minnar. Svava Jakobsdóttir“, *Íslensk bókmenntasaga V.* bindi, ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 512.

„grundvallarhugmynd“ skáldsögunnar og hún sameini þrjú svið: „sálarlíf konunnar og stöðu hennar í fjölskyldunni, stöðu fjölskyldunnar í samfélaginu og stöðu Íslands gagnvart öðrum löndum.“ Sú túlkun sem segja má að hafi verið ráðandi á *Leigjandanum* gerir þriðja sviðið, sem Dagný nefnir, að aðalatriði. Með nokkurri einföldun felur hún í sér að eiginkonan sé álitin tákn fyrir íslenska alþýðu, Pétur tákn íslenskrar borgarastéttar en leigjandinn bandaríski herinn sem hafði viðvarandi aðstöðu hér á landi eftir inngöngu Íslands í NATO árið 1949.¹⁶

Í bókinni *The Free World. Art and Thought in the Cold War* lýsir Lois Menand ákveðinni þróun á Vesturlöndum, einkum hjá samherjum Bandaríkjanna eftir seinna stríð. Hann gerir grein fyrir uppbyggingu alþjóðastofnana í Bandaríkjunum og því hvernig fjármagn og hugmyndir streymdu þaðan til Vestur-Evrópu og Japan. Á móti bárust straumar og stefnur í bókmenntum, listum og heimspeki til Bandaríkjanna og auðguðu menningu þeirra. Þegar kom fram á sjöunda áratuginn fóru Bandaríkjamenn að missa trúverðugleika sinn á stjórn málasviðinu en bandarísk menning varð aftur á móti bæði mikils metin og allsráðandi á heimsvísu.¹⁷ Sú þróun sem Menand lýsir kallast á við ummæli Svövu Jakobsdóttur í viðtalinu við Gerði Kristnýju sem vitnað var til hér að framan. Raunin var sú að margar af bandalagsþjóðum Bandaríkjanna, þar með talið Íslendingar, vildu halda fast í þá velsæld sem Bandaríkjamenn áttu þátt í að skapa þeim, jafnvel þótt það þýddi að *frelsið* sem þær teldu sig búa við ætti sér skuggahlíðar sem lýsti sér í nýlenduvaldi, fátækt og kúgun í öðrum og fjarlægari heimshlutum. Ef við göngumst inn á hina hefðbundnu túlkun *Leigjandans* má segja að samruni leigjandans og Péturs sé til marks um hugmyndafræðilegt og fjárhagslegt forræði íslenskrar borgarastéttar sem studdi og naut stuðnings Bandaríkjamanna.¹⁸ Staða íslensku þjóðarinnar og eiginkonunnar er hliðstæð að því leyti að frelsi beggja byggir á innilokun. Á dögum kalda stríðsins gátu Íslendingar skákað í skjóli Bandaríkjanna sem veitti þeim ákveðið frelsi en um leið þurftu þeir að loka augunum fyrir því hvaða verði frelsi þeirra var keypt og vera staðfastir í stuðningi sínum við Bandaríkin, sama hvað gekk á.

Í þessu samhengi fær ókunnur gestur sem bankar upp á undir lok bókarinnar

¹⁶ Garðar Baldvinsson hefur andæft þessari hefðbundnu túlkun en birtir gott yfirlit yfir viðtökusögu skáldsögunnar í eftirfarandi bókarkafli, sjá: Garðar Baldvinsson, „Tveir karlmenn sem böðuðu sig í heimsins dýrð. Um *Leigjandan* eftir Svövu Jakobsdóttur“, *Heimur skáldsögunnar*, ritstjóri Ástráður Eysteinnsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2001, bls. 118–127, hér bls. 118–119.

¹⁷ Louis Menand, *The Free World. Art and Thought in the Cold War*, bls. xi–xiv.

¹⁸ Um forræði, íslenska borgarastétt og bandarísk stjórnvöld á tímum kalda stríðsins, sjá Haukur Ingvarsson, *Fulltrúi þess besta í bandarískri menningu. Orðspor Williams Faulkners í íslensku menningarlífi 1930–1960*, Reykjavík: Sögufélag, 2021, bls. 119–120 og 393.

og hleypir upp jólakvöldverði eiginkonunnar, Péturs og leigjandans, líka táknræna merkingu. Konan hefur áður séð hann út um gluggann og þá er hann settur í kristilegt samhengi með biblíutilvísun. Konan tekur sér í munn orð Pílatúsar um Jesú þegar hann hefur verið húðstrýktur og krýndur þyrnikórónu: „Sjáðið manninn!“ (L 102).¹⁹ Í kjölfarið eignir konan Pétur og leigjandann til að fara út og reka manninn burt. Sá fyrrnefndi fer út en konunni finnst róandi tilhugsun að vita til þess að leigjandinn muni skerast í leikinn ef „honum félli ekki gangur mála í geð“ (L 103). Gesturinn opinberar tvískinnung í helgihaldi fólksins í húsínu sem virðist innantómt og úr tengslum við fagnaðarerindi frelsarans. Þegar konan virðir gestinn fyrir sér út um gægjugat á hurðinni á aðfangadagskvöld er ekki ljóst hvort húðlitur hans sé dekkri en þorra Íslendinga því „rauðum lit brá fyrir í andliti hans“, hvort hann hafi orðið fyrir óhappi og andlit hans atast blóði eða hvort þetta var „aðeins endurskin rauða jólaljóssins sem hún hafði fest yfir útidyrnum“ (L 125). Í ljós kemur seinna að gesturinn er „ríkisfangslaus“ (L 104), hann er enn fremur „dökkhærður, nánast svarthærður, og á yfirbragðinu öllu einhver framandi bragur“ (L 104). Hver sem ástæðan er fellir konan ekki rammgeran varnarmúrinn sem hún hefur reist um „einkaheim sinn“ (L 108). Þessi dökkhærði, framandi einstaklingur fær því ekki innöngu í hús hennar og innilokun konunnar og útilokun umheimsins er þannig í brennidepli í frásögn Svövu.²⁰

Smásaga Kristínar Eiríksdóttur gæti hafist á sömu orðum og *Leigjandinn*: „Maður er svo öryggislaus þegar maður leigir“ (L 7). Í upphafi hennar kemur fram að Dáni og Æsa hafi þurft að flytja úr risibúðinni vegna þess að dóttir eigandans hafi óvænt verið á leið heim til Íslands úr námi erlendis. Án þess að það sé sagt berum orðum er hægt að lesa það milli línanna að Dáni og Æsa hafi ekki fjárhagslegt bakland og því þurfa þau jafnframt að setta sig við leigja „svart“ sem eykur enn á öryggisleysi þeirra því slíkt samkomulag felur í sér að enginn formlegur leigusamningur liggi fyrir (*Hfð* 66). Í sögunni hefur orðið sá viðsnúningur á hefðbundnum kynjahlutverkum að Æsa vinnur úti meðan starfsvettvangur Dána er heima fyrir. Hún er afgreiðslustúlka í fatabúð við Laugaveg og aðra hverja helgi starfar hún á hjúkrunarheimili en hann sinnir

¹⁹ Biblían, Jóhannesarguðspjall 19:5.

²⁰ Pétur Már Ólafsson snertir á mörgu af því sama og hér hefur verið nefnt í greiningu sinni á *Leigjandanum* sem hann telur „nátengda hugsunarhætti kalda stríðsins“ (112). Út úr sögunni telur hann samt líka að megi lesa ótta „við hið óþekkt og við útlendinga“ og virðist gesturinn vera fulltrúi síðastnefnda hópsins, sjá Pétur Már Ólafsson, „Maður er svo öryggislaus. Um *Leigjandann* eftir Svövu Jakobsdóttur“, *Tímarit Máls og menningar* 56: 3/1995, bls. 104–114.

köllun sinni sem myndlistarmaður á atvinnuleysisbótum sem hann kallar „litlu listamannalaunin“ (*Hffh* 67).

Íbúðin í Vogahverfinu á sinn þátt í því að fjarlægðin milli parsins eykst. Æsa tengir heimilið leiðindum sem hún óttast hreinlega að muni tortíma henni. Hún þráir djamm og læti í fólk og liður eins og hún sé alltaf „að missa af einhverju“ ef hún er ekki í nágrenni við miðbæinn sem er þó um leið nátengdur áfengisneyslu. Þar drekkur hún fram á kvöld flesta daga og kemur yfirleitt of drukkin heim „til þess að vera samræðuhæf“ (*Hffh* 71). Dáni sækist aftur á móti í þær aðstæður sem Æsa telur beinlínis drepleiðingar. Þannig telur hún að honum væri „sama þótt þau dag upp í draugabæ“ eða settust að á „eyðibýli“ (*Hffh* 67). Nafn hans, Dáni, ýtir frekar undir það að lesendur tengi hann við dauðann. Þegar þau flytja inn í nýju leiguíbúðina er eins og Æsa geri ráð fyrir að reimt sé í húsinu því hún brennir reykelsi, klingir bjöllum og skvettir vatni í öll horn meðan hún hefur yfir eftirfarandi þulu: „Komi þeir sem koma vilja, fari þeir sem fara vilja, veri þeir sem vera vilja, mér og mínum að meinalausu“ (*Hffh* 71).

Í sögum Svövu og Kristínar bjóðast aðalpersónunum tilboð sem virðast of góð til að vera sönn. Í nýlegri grein eftir Sigrúnu Margréti Guðmundsdóttur um skáldverk Steinars Braga bendir hún á að þetta séu einkenni á draugasögum þar sem reimleikahús komi við sögu. Tilboð af þessu tagi feli alltaf í sér einhvers lags skuld sem festi þá sem taki þeim í fjötra og skuldbindi þá til framtíðar. Lán séu að sama skapi óáþreifanlegur auður sem bankar og aðrar fjármálastofnanir byggja rekstur sinn á og minni á svipi eða afturgöngur sem geti alltaf gengið nær þeim skulduga og heimtað meir. Í þessu samhengi talar Sigrún Margrét um draugahagkerfi.²¹ Eftir að hjónin í sögu Svövu hafa þegið peninga af leigjand- anum finnst þeim þau vera skuldbundin honum og því flytur hann með þeim í nýja húsið. Þegar framandlegi gesturinn fer að gera vart við sig við húsið gerir Pétur honum ljóst að hann sé ekki velkominn en segja má að hann geri það að undirlagi leigjandans sem tortryggir manninn. Það að leigjandinn sé farinn að stjórna ákvörðunum Péturs með þessum hætti fær konuna til að sjá tilveru sína í nýja húsinu í öðru ljósi:

En orð Péturs höfðu komið við kviku: henni hafði verið lýst sem ófrjálsri [...] Undir reisulegu frjálsmannlegu yfirborði leyndist þá enn minningin um ófrelsi eins og kýli og nú þegar hafði verið stungið á því streymdi eitur niðurlægingarinnar um æðar; fortíðin hafði grafið um sig, var að éta sig inn í hörund og gleypa allt sem áunnizt hafði (*L* 112).

²¹ Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Ótti sem rennur úr jörðinni. Um reimleikahús í landsla- gi og líkama í *Hálendinu* eftir Steinar Braga“, *Ritid* 21: 3/2021, bls. 220–268, hér bls. 231.

Listaverkið sem Dáni er að skapa í sögu Kristínar nær honum „algerlega á sitt vald“ (*Hfhl* 72) og engu er líkara en það verði til þess að horfni maðurinn gangi aftur. Þannig fer Æsu að líða eins og þau búi þrjú í íbúðinni: „Hún, ósýnilegi kaldastríðs-kverúlantinn og Dáni sem talaði ekki um annað en kalda stríðið“ (*Hfhl* 71). Þegar Æsa stingur upp á því að Dáni snúi sér frekar að málefnum líðandi stundar og geri verk um „Arabíska vorið“ bregst hann við með því að setja á ræðu um Che Guevara og John F. Kennedy. Það vald sem horfni maðurinn hefur yfir Dána gerir það að verkum að hann kýs innilokun og efnahagslegan ávinning fram yfir Æsu og frelsi sitt. Um leið verður hann ófær um að gefa umheiminum gaum því endursköpunin á heimsmynd fortíðarinnar er verkefni sem tekur engan endi.

Heimur/heimili

Árið 1987 var skáldsaga Guðbergs Bergssonar, *Tómas Jónsson. Metsölubók*, endurútgefin með inngangi höfundar. Þessi hliðartexti er orðinn óaðskiljanlegur hluti af túlkunarsögu verksins en þar heldur Guðbergur því fram að Tómas sé tákn fyrir trénuð öfl í þjóðfélaginu, hann sé „aldamótakynslóðin“ holdi klædd sem hafi áður verið „frjótt hreyfiafl, einkum íslensks sjálfstæðis,“ en sé nú orðið „voðalegur dragbítur á öllum framförum“, þetta sé „voðalegt karlaveldi“. ²² Í þessum táknheimi verksins gegnir íbúð Tómasar mikilvægu hlutverki:

Margræði hinnar einföldu táknmyndar var þannig, meðal annars. Ég reyndi að beita margræðinu sem mest, án þess að það yrði að spunnu flúri. Þess vegna gerði ég leigjendurna líka að tákni hins erlenda hers, sem var að leggja undir sig það gólflæmi sem var milli veggja í eigu hins áður „sjálfstæða“ manns. Hann var samt ekki svo sjálfstæður að hann vildi ekki auðgast á eign sinni, taka á sig áhættuna af öðrum, þótt hann þarfnaðist hennar ekki beinlínis. Og eins og alltaf var hagnaðurinn viss tegund af því að tapa. ²³

Guðbergur leit svo á að með skáldsögu sinni hefði hann kveðið niður þá kynslóð sem bókinn beindist gegn og hann lýkur inngangi sínum á þessum orðum: „Farðu til fjandans, Tómas Jónsson, og reyndu að standa þig, gamli andskotinn, meðal

²² Guðbergur Bergsson, „Formáli“, *Tómas Jónsson. Metsölubók*, Reykjavík: Forlagið, 1987, bls. 4–5.

²³ Sama heimild, bls. 5.

þeirra sem hafa aldrei kynnst öðrum eins durg og þér. Og vonandi á hann aldrei eftir að fæðast, hvorki í bókmenntalíki né í þjóðarlíki.“²⁴

Tómas, titilpersóna skáldsögunnar, er í senn sögumaður hennar og aðalpersóna. Í upphafi lýsir hann samfélagsástandinu á Íslandi og segist lifa á „Nýsköpunartímabili atvinnuveganna“ en um það hafi hann verið „grunlaus eins og föstur í móðurkviði“. ²⁵ Í beinu framhaldi tekur hann til við að lýsa íbúðinni sinni, þeim „örsmáa heimi“ sem hann hafi skapað „meðal kærna hluta“ (TJ 13). Tómas á það sem sé sameiginlegt með eiginkonunni í *Leigjandanum* að líta á heimili sitt sem einkaheim en um leið er heimilið táknmynd fyrir heiminn. Ísland er miðja heimsmyndar hans sem sést meðal annars á því hve upptekinn hann er af uppruna sínum sem hann gerir að umtalsefni strax í upphafssetningu sögunnar: „Ég er afkomandi hraustra, bláeygðra víkinga“ (TJ 7). Annars staðar heldur hann því fram að hann hljóti að vera svona „vel úr garði gerður vegna þess að hann [sé] Íslendingur“ og bætir við: „Síðasti hreinræktaði Íslendingurinn“ (TJ 174).²⁶

Pennan þjóðernislega belging má líta á sem hluta af þversagnakenndri sjálfsmynd Tómasar sem mótafst annars vegar af þrá aldamótakynslóðarinnar eftir því að öðlast fullt sjálfstæði frá Dönum, hins vegar þeim vonbrigðum sem fylgdu hernámi Bandaríkjamanna og varnarsamningnum sem fylgdi í kjölfarið.²⁷ Um þetta hefur bókmenntafræðingurinn Rósa María Hjörvar fjallað en hún bendir á að í samskiptum Tómasar við leigjendurna birtist Tómas ýmist eins og nýlenduherri; einstaklingur í eigin steinsteypta húsi, vel klæddur og síðaður, eða eins og nýlenduþegn út frá sjónarhóli heimsveldis; íbúi í illa byggðu húsi, gróteskur líkamleiki hans afhjúpaður og loks ósiðlegar og afbrigðilegar skoðanir hans.²⁸ Sjálfsmynd Tómasar er með öðrum orðum óstöðug í textanum og lítur hann ýmist á sig sem yfirvald gagnvart leigjendunum eða fórnarlamb kúgunar af þeirra hálfu. Að mati Rósu Maríu kallast þetta á við greiningu fræðimanna,

²⁴ Sama heimild, bls. 6.

²⁵ Guðbergur Bergsson, *Tómas Jónsson. Metsölubók*, Reykjavík: Forlagið, 1987, bls. 12. Framvegis verður vísað til þessa rits með skammstöfuninni TJ á undan blaðsíðutali innan sviga.

²⁶ Svavar Steinarr Guðmundsson hefur bent á að sjálfsmynd Tómasar sé bæði þjóðernisleg og einangrandi. Máli sínu til stuðnings vitnar hann til hugmyndar Tómasar um að hann sé síðasti „hreinræktaði Íslendingurinn“ og þessa áherslu á óslitna ættarlínu tengir Svavar þjóðernislegri menningarstefnu og goðsögum um eðli og hreinleika Íslendinga, sjá „Bræðrabylta. Af karlfauskunum Þórði Sigtryggssyni og Tómasi Jónssyni“, *Ritið* 13: 2/2013, bls. 107–125, hér bls. 109.

²⁷ Rósa María Hjörvar, „Rými niðurlægingarinnar. Grótesk reiði og heimsveldi í *Tómasi Jónssyni metsölubók*“, *Skírnir* 197: vor/2023, bls. 143–170, hér bls. 152–153.

²⁸ Sama heimild, bls. 160–162.

eins og bókmenntafræðingsins Jóns Yngva Jóhannsonar og mannfræðingsins Kristínar Loftsdóttur, á Íslandi sem svæði sem beri í senn mörg einkenni nýlendu en sé um leið „þátttakandi í vestrænni nýlendustefnu“.²⁹

Bandaríski bókmenntafræðingurinn Jenna Grace Sciuto hefur fjallað um birtingarmyndir hvítleika og kynþáttahyggu í *Tómasi Jónssyni* sem eru nátengdar sjálfsmýnd hans og hugmyndum um íslenskt þjóðerni. Í greiningu sinni beinir hún kastljósinu sérstaklega að skáletruðum kafla sem virðist vera hluti af „nú tíma þjóðsögum“ sem Tómas safnar (*TJ* 191). Kaflinn nefnist „*Svarti sauðurinn: Þjóðsaga*“ og hefst á frásögn af því þegar breska hernámssliðið var leyst af hólmi á Íslandi af „úrvalslíði *Bandaríkjahers*“ á tímum seinni heimstyrjaldarinnar. Bandaríkjamenn komu að beiðni íslenskra stjórnvalda sem fóru samkvæmt bók Guðbergs fram á að „*í hinu bandaríska líði finnist ekki liðsmenn af negrakynstofni*“ (*TJ* 191). Bandarísk stjórnvöld gengu að kröfum íslenskra stjórnvalda en samkvæmt þjóðsögunni slæddust þó hingað til lands með skipum farmmenn með dökkt litarhaft sem önnuðust birgðaflutninga fyrir herinn. Sagan sem Tómas skráir niður segir af íslenskri stúlku sem verður barnshafandi eftir svartan sjómann. Þegar barnið kemur í heiminn níu mánuðum síðar ákveður læknirinn sem tekur á móti því að ráða því bana. Kaflinn er mjög gróteskur og margar lýsingar í honum yfiringilegar en það sem gerir hann sérstaklega óþægilegan aflestrar er sú staðreynd að íslensk stjórnvöld fóru þess raunverulega á leit við bandarísk stjórnvöld að hingað kæmu ekki hermenn með dökkt litarhaft.³⁰

Sciuto bendir á að þeir sem þekki til sögu Bandaríkjanna viti að náin tengsl séu á milli útilokunar og ofbeldis og þó að óskir íslenskra stjórnvalda kunni að virðast heimóttarlegar og fávíslegar þá séu þær engu að síður sprotnar af hugmyndum um hreinleika kynstofna sem þurfi að verja fyrir utanaðkomandi ógn.³¹ Í skáldsögu Guðbergs verður barnsdrápið þess valdandi að kergja hleypur í samskipti Íslands og Bandaríkjanna og að lokum sendir ríkisstjórn Íslands yfirmanni varnarliðsins „sitt fyrsta og síðasta skætingsbréf“. Þar kemur þó fram að kynbótastefnan sem hún aðhyllist felur sannarlega í sér útrýmingu: „... *þið Amerikanar hefðuð betur gripið til jafn snjallra úrræða í upphafi þrælahaldsins, að gelda negrana, svo enginn þræll af dökku kyni lifði lengur en sína eigin ævidaga*“ (*TJ* 195). Sciuto

²⁹ Sama heimild, bls. 164.

³⁰ Valur Ingimundarson, „Immunizing against the American Other: Racism, Nationalism, and Gender in U.S.-Icelandic Military Relations during the Cold War“, *Journal of Cold War History* 6: 4/2004, bls. 65–88.

³¹ Jenna Grace Sciuto, „Aesthetic Radicals. White Violence as Exclusion in William Faulkner's US South and Guðbergur Bergsson's Iceland“, *The Faulkner Journal* 34: 1/2020, bls. 26–31.

greinir bergmál af málflutningi Þriðja ríkisins í þessum kafla, eins og raunar á fleiri stöðum í skáldsögunni, en beittasta gagnrýni Guðbergs beinist í raun gegn Bandaríkjamönnum sjálfum sem beittu öllum tiltækum ráðum til að beina augum umheimsins frá því kerfisbundna misrétti sem fólk með dökkt litarhaft var beitt í þeirra eigin landi.³² Hin napra kaldhæðni skáldsögunnar felst í því að Íslendingar líta á hvítt fólk í Bandaríkjunum sem bandamenn sína í baráttu fyrir varðveislu hins hvíta kynstofns.

Þegar horft er til þess að Dáni geri orð Harrys S. Trumans að sínum undir lok sögu Kristínar gæti maður gert sér í hugarlund að hann væri eindreginn stuðningsmaður Bandaríkjanna. Persóna hans er hins vegar þversagnakennd eins og kemur í ljós þegar horft er á söguna í heild sinni. Þannig lætur Dáni dæluna ítrekað ganga um „heilapvott bandarískrar menningar“ (*Hffh* 72). Svo rammt kveður að þessum ræðum að hann fer að minna Æsu á afa hennar og rifrildi sem hann stofnaði til í fjölskylduboðum. Sem ungur maður hafði afinn barist með „verkalýðsfylkingunni fyrir bættum kjörum alþýðunnar“. Í rifrildunum skipaði hann sér á bekk með góðmennum en áleit ungmenni samtímans húðlöt og kenndi þeim um að hafa steipt „efnahag landsins á hvolf“. Viðskiptafræðinginn föður Æsu sakaði hann svo „um að vera sjálfhverfur arðræningi“ (*Hffh* 71). Þegar Dáni fer að minna á afann fylgja því líka annars konar breytingar. Tónninn í röddinni verður „[s]tórkarlalegur“ og hann fer sömuleiðis að reykja pípu sem fylgir sérstök tóbakslykt að viðbætti „undirleggjandi lykt af *elli*“. Loks tekur ásýnd hans stakkaskiptum því Æsu finnst hann vera „orðinn hokinn, eða einhvern veginn *minni*“ (*Hffh* 72).

Eitt af því sem setur sérstakan svip á leiguíbúðina, auk áður nefndra bóka, eru minjagripir úr fórum eigandans, „allstaðar þar sem voru auðir fletir“ hafði hann komið fyrir „filum, strengjabrúðum og míníatúrum af hofum og kastölum“ (*Hffh* 68). Síðar bætist við þessa upptalningu „upplitað efirprent af málverki eftir Gauguin“ en á því er „[n]akin svarthærð stúlka“ sem snýr „baki í áhorfandann, hélt hárinu í tagli og horfði á baksvip annarrar svarhærðrar stúlku sem kraup“ (*Hffh* 69). Þessum munum koma Æsa og Dáni fyrir í svefnherbergi horfna mannsins þegar þau flytja inn svo það verður „stútfullt af minjagripum og drasli“ (*Hffh* 70).³³ Hlutirnir vekja hugrenningartengsl við furðustofur (þ.

³² Sama heimild, bls. 32–33.

³³ Övenjulegir hlutir af þessu tagi eru endurtekið minni í verkum Kristínar og til dæmis um það mætti annars vegar nefna smásögurnar „Staðsetja, útvega, flokka, raða og varðveita“ og „Holur í menn“ í *Doris Deyr* og hins vegar lokakafla skáldsögunnar *Hvítfeld*. Kristín Eiríksdóttir, „Staðsetja, útvega, flokka, raða og varðveita“ og „Holur í menn“, *Doris deyr*, JPV útgáfa: Reykjavík, 2010, bls. 21–36 og 157–167 og *Hvítfeld*, JPV útgáfa: Reykjavík,

Wunderkammer, e. *cabinet of curiosities*) sem gefa innsýn í hugmyndir Evrópumanna um það hvernig „þekkingar skyldi aflað, hvernig hún skyldi sett fram og hvaða hlutverki hún gegndi í samfélaginu“ við upphaf nútímans.³⁴ Í furðustofunum voru dregnir saman hlutir sem safnað hafði verið saman úr fjarlægum heimshornum og frá ólíkum tímum og þeir voru birtingarmyndir nýrrar þekkingar sem veraldlegir menntamenn notuðu til að réttlæta völd sín á heimaslóðum. Um leið endurspeglar furðustofurnar uppgang heimsvaldastefnunnar, valdatengsl „miðju og jaðars – móðurlands og nýlendna – sem einkenndi evrópsku heimsveldin“.³⁵ Safnið er þegar upp er staðið samanhjöppuð heimsmynd sem endurspeglast með táknrænum hætti „í safngripunum og skipulagi þeirra“.³⁶

Samfara umbreytingu Dána fara þessir „földu“ hlutir horfna mannsins að skjóta aftur upp kollinum í íbúðinni: „Útskorin mynd af afrískri konu með bala á höfðinu hékk nú yfir símaborðinu og Gauguin eftirprentunin var komin upp á vegg í stofunni þar sem þau sváfu“ (*Hffh* 72). Athafnir Dána má túlka á þann veg að hann sé að endurreisa heimsmynd horfna mannsins en um leið má velta fyrir sér hvernig sambandi þeirra sé háttað. Í grein um furðustofu danska prófessorsins Ole Worm fjallar Valdimar Tr. Hafstein um velgjörðarmenn sem renndu fjárhagslegum og hugmyndafræðilegum stöðum undir söfnunina. Safnið gaf til kynna „að safnarinn hefði þennan risavaxna og flókna heim á sínu valdi – og þessu valdi deildi hann með velgjörðarmanni sínum, eða patrón sem studdi við bakið á honum“.³⁷ Þegar horft er til þess að eigandinn horfni leggur Dána til íbúðina, bókasafnið og minjagripasafnið vaknar sú spurning hvort ekki megi líta á hann sem fjárhagslegan bakjarl hans – velgjörðarmaður á kannski ekki við í hans tilviki. Munirnir á heimilinu endurspeglar líka hugmyndafræðilega sýn á heiminn sem kemur einna skýrast fram í málverki franska málarans Pauls Gauguins (1848–1903). Málverk hans af íbúum Tahítí og Marquesaeyjum hafa á undanförunum áratugum gert hann að persónugervingi þess hvernig hvítir vestrænir karlmenn gengu fram á nýlendum og komu fram við íbúa þeirra, ekki síst konur. Málverk hans af pólynesískum konum bera vott um kynjaða sýn þar sem annarlegir líkamar frumbyggjakvennanna undirstrika hvítleika Gauguins, vald, þekkingu og yfirburði.³⁸ Í umbreytingarferlinu bregður Dána fyrir í

2012, bls. 287–295.

³⁴ Valdimar Tr. Hafstein, „Þekking, virðing, vald“, bls. 26.

³⁵ Sama heimild, bls. 30.

³⁶ Sama heimild, bls. 36.

³⁷ Sama heimild, bls. 36.

³⁸ Abigail Solomon-Codeau, „Going Native. Paul Gauguin and the Invention of Primitivist Modernism“, *The Expanding Discourse. Feminism and Art History*, Boca Raton, Florida:

hlutverki písklurvotts, fulltrúi eldri kynslóðar sem beitti sér fyrir uppbyggingu innviða íslensks samfélags og var umhugað um hagsmuni *þjóðarinnar* fremur en sína eigin. Þessi kynslóð virðist líta svo á að hugsjónir hennar hafi lotið í lægra haldi fyrir einstaklingshyggju og kapítalisma sem Æsa og faðir hennar eru gerð að fulltrúum fyrir. Undir lok sögunnar tekur Dáni sér stöðu með Bandaríkjamönnum og leikur hlutverk yfirvalds sem hinar ekki við að beita valdi til að sýna styrk og knýja fram vilja sinn. Eins og í *Tómasi Jónssyni* birtist hér aftur mjög þversagnakennd sjálfsmynd sem virðist standa í beinu sambengi við stöðu Íslands sem nýfrjáls ríkis í hraðri uppbyggingu sem mótast um leið sjálfsmynd sína á grundvelli vestrænnar nýlendustefnu.

Arfur/skuld

Í síðasta samtali Æsu og Dána brýnir hann fyrir henni að þau verði að skilja kalda stríðið vegna þess að „heilur kynslóðirnar“ sjái „heiminn ennþá í ljósi þess“ og það séu einmitt þær kynslóðir sem sitji við völd og móti þann „veruleika sem við búum við“. Og hann bætir við: „Til að skilja samtímann verðum við að skilja hvernig þau hugsa“ (*Hffh* 73). Þegar saga Kristínar birtist var tiltölulega stutt liðið frá september 2006 þegar bandaríski herinn yfirgaf herstöðina í Keflavík og afhenti „Íslendingum forræði lands og eigna“.³⁹ Innrás Rússa í Úkraínu snemma árs 2022 og óvissa í alþjóðamálum eftir að Donald Trump tók við sem forseti árið 2025 hafa gert spurningar um öryggis- og varnarmál Íslands fyrirferðarmeiri í íslenskri stjórnmála- og samfélagsumræðu en þau hafa verið í áratugi. Svára hefur meðal annars verið leitað í sögunni en fréttapátturinn Kveikur dustaði rykið af varnarsamningi Bandaríkjanna og Íslands frá árinu 1951 í apríl 2025 og komst að því að þó að hann væri „í grunninn barn síns tíma“ og taki „mið af heimsmyndinni“ sem ríkti þegar hann var fyrst gerður þá er enn verið að gera breytingar á samningnum – jafnvel án aðkomu Alþingis.⁴⁰ Sú klausa sem fréttamönnum Kveiks þótti forvitnilegust varðaði svokölluð „operating locations“ en samkvæmt henni gætu Bandaríkjamenn „[f]ræðilega séð“ skilgreint „mjög stór landsvæði hérlandis sem „operating locations“ án aðkomu Alþingis“. Í klausunni segir:

Routledge, 2018, bls. 313–329, hér bls. 314–315.

³⁹ Ingólfur Bjarni Sigfússon og Ingvar Haukur Guðmundsson, „Nýjasta viðbótin við varnarsamninginn hvorki rædd né birt“, www.ruv.is, 1. apríl 2025, sótt 11. apríl 2025 af <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-04-01-nyjasta-vidbotin-vid-varnarsamninginn-hvorki-raedd-ne-birt-440220>.

⁴⁰ Sama heimild.

Ísland skal gera Bandaríkjamönnum, án endurgjalds, aðgengilega alla starfsaðstöðu [Operating Locations] og skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja óhindraðan aðgang að og notkun á slíkri starfsaðstöðu, án þess að Bandaríkin greiði Íslandi, íslenskum ríkisborgurum eða öðrum aðilum nokkrar bætur vegna slíks aðgangs eða notkunar.⁴¹

Yfirlýsingar Donalds Trumps um að Grænland eigi að tilheyra Bandaríkjunum hafa líka orðið til þess að menn hafa velt fyrir sér hvort Bandaríkjunum nægi að hafa hér starfsaðstöðu. Þannig hefur Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, látið eftirfarandi orð falla: „Það er líklega eingöngu tímaspursmál hvenær bandarískir ráðamenn munu tala um mikilvægi þess að þeir ráði yfir Íslandi“ og „að krafa nýrra valdhafa yrði afdráttarlaus: Ísland á að vera leppríki Bandaríkjanna“.⁴²

Réttindi og kröfur Bandaríkjamanna á íslenskt landsvæði virðast manni einna líkastar því sem þeir séu raunverulegir eigendur landsins og geti birst hér fyrirvaralaust. Að þessu leyti minnir samband Íslands og Bandaríkjanna á aðstæður unga parsins í sögu Kristínar því horfni maðurinn getur mætt á hverri stundu, opnað með aukalykli og gert tilkall til eigna sinna. Niðurstaða eiginkonunnar í sögu Svövu er áþekk, eignarhald hennar á húsinu er blekking, það er leigjandinn sem hefur frelsi hennar í hendi sér og hún kemst ekki undan því að greiða upp skuldir fortíðarinnar. Í báðum þessum sögum felst ófrelsi persónanna í vanmætti þeirra til að takast á við málefni líðandi stundar og þá kannski sérstaklega það sem varðar nýlenduvald, fátækt og kúgun. Í *Leigjandanum* beitir eiginkonan leigjandanum fyrir sig og lætur hann reka ókunna manninn af höndum sér en í smásögu Kristínar er það hugmyndaheimur horfna mannsins sem tekur öll völd af Dána. Gagnrýni Guðbergs á kynþáttahyggju sem hluta af sjálfsmynd Íslendinga og þátttöku þeirra í vestrænni nýlendustefnu kemur í stað vanmáttar fyrrnefndu persónanna. Þversagnakennd sjálfsmynd Tómasar sem sveiflast milli þess að vera herskátt yfirvald og kúgað fórnarlamb, gengur aftur í Dána og því má segja að Guðbergi hafi mistekist það ætlunarverk sitt að kveða Tómas niður í bókmennta- og þjóðarlíki. Myndirnar sem Dáni hengir á veggina af svart-hærðum stúlkum og afrískri konu virðast til þess fallnar að undirstrika hvítleika hans. Um leið reynir hann að endurreisa heimsmynd nýlenduvelðanna með því

⁴¹ Sama heimild.

⁴² „Baldur. Bandaríkin vilja ráða yfir Íslandi“, *mbl.is*, 29. mars 2025, sótt 11. apríl 2025 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/03/29/baldur_bandarikin_vilja_rada_yfir_islandi/.

að raða í kringum sig minjagripum frá fjarlægum slóðum. Þessi gjörningur virðist yfirborðslegur og það má velta því fyrir sér hvað leynist að baki, er hann til þess gerður að fela fortíðina, var frelsið sem einhvern tímann hafði áunnist bara blekking þegar allt kom til alls?

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er fjallað um smásögu Kristínar Eiríksdóttur „Hundrað og fimmtíu fermetrar á hundrað þúsund kall“ (2013) og skáldsögurnar *Tómas Jónsson. Metsölubók* (1966) eftir Guðberg Bergsson og *Leigjandann* (1969) eftir Svövu Jakobsdóttur. Í öllum þessum sögum gegnir kalda stríðið mikilvægu hlutverki en þær eiga það jafnframt sameiginlegt að í þeim eru heimili notuð sem myndhverfingar til að spegla hnattræn átök. Þá kemur staða Íslands á alþjóðavettvangi til álita; ungs lýðveldis sem þiggur ríkulega efnahagsaðstoð frá Bandaríkjamönnum eftir seinni heimsstyrjöld og gerir síðan við þá varnarsamning sem tryggir þeim hernaðarréttindi á landinu til langs tíma. Hluti af myndmáli sagnanna þriggja eru leigjendur og leigusalar sem aftur vekur spurningar um hvað leigusali selji og hvað leigjandi hafi keypt. Rýnt er í þessi gagnkvæmu sambönd en sjónum er einnig beint að því hvernig hífýli, bókasöfn og innanstokksmunir eru notuð með táknrænum hætti til að endurspeglja þá heimsmynd sem brugðið er upp í verkunum.

Lykilorð: Kristín Eiríksdóttir, Svava Jakobsdóttir, Guðbergur Bergsson, smásögur, skáldsögur, kalda stríðs bókmenntir, kalda menningarstríðið, umbreytingar, heimsvaldastefna, nýlendustefna

ABSTRACT

Tenants and landlords as cold war metaphors in stories by Icelandic authors Kristín Eiríksdóttir, Svava Jakobsdóttir and Guðbergur Bergsson

The article discusses Kristín Eiríksdóttir's short story "Hundred and Fifty Square Meters for a Hundred Thousand Krona" (2013) and the novels *Tómas Jónsson: Bestseller* (1966) by Guðberg Bergsson and *The Tenant* (1969) by Svava Jakobsdóttir. In all these stories, the Cold War plays a significant role, and they share the common feature of using homes as metaphors to reflect global conflicts. The position of Iceland on the international stage is also considered; a young republic that receives substantial economic aid from the Americans after World War II and subsequently enters into a defense agreement with them, granting them military rights in the country for a long time. Part of the imagery in the

three stories includes tenants and landlords, which raises questions about what the landlord sells and what the tenant has bought. These reciprocal relationships are examined, and attention is also directed to how dwelling spaces, libraries, and household items are used symbolically to reflect the worldview presented in the works.

Keywords: Kristín Eiríksdóttir, Svava Jakobsdóttir, Guðbergur Bergsson, Short story, Novel, Cultural Cold War, cold war literature, metamorphosis, imperialism, colonialism

HAUKUR INGVARSSON

Lektor í hagnýtri menningarmiðlun

Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði Háskóli Íslands

haukiri@hi.is

